

KOSIÐ UM SAMEINAÐ SVEITARFÉLAG ALLRA SKAGFIRÐINGA

19. FEBRÚAR

Laugardaginn
19. febrúar
munu íbúar
kjósa um
sameiningu
Akrahrepps og
Sveitarfélagsins
Skagafjarðar

UM BÆKLINGINN

Bæklingurinn er byggður á skýrslu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna. Nefndin átti samráð við íbúa og sérfræðinga í sveitarfélögunum.

Á vefsíðunni skagfirdingar.is má finna ítarefni og þar má líka senda spurningar eða ábendingar til samstarfsnefndar.

MARKMIÐ SAMEININGARINNAR

- Að Skagfirðingar sameinist í eitt sveitarfélag með sterka rödd til að koma hagsmunum íbúa og atvinnulífs í Skagafirði á framfæri við stjórnvöld.

- Að til verði öflugt sveitarfélag með einfalda og skilvirka stjórnsýslu sem leitar eftir sjónarmiðum íbúa með skipulögðum hætti, getur bætt búsetuskilyrði og veitt framúrskarandi þjónustu til frambúðar.

Sameining sveitarfélaganna mun hafa í för með sér að fjárfestingageta eykst sem nýtist öllu héraðinu til lengri tíma. Áhersla verður lögð á að hraða uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð.

HVERNIG GÆTI SAMEINAD SVEI

FRÆÐSLU- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA

Sveitarfélagið Skagafjörður annast framkvæmd skólastarfs fyrir alla Skagfirðinga á grundvelli samstarfs-samnings við Akrahrepp. Í Skagafirði eru reknir þrjú leikskólar, þrjú grunnskólar og einn tónlistarskóli.

Í ljósi umfangsmikils samstarfs sveitarfélaganna í fræðsluþjónustu er ekki gert ráð fyrir því að miklar breytingar verði á skólastarfi ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur. Gjaldskrár eru nú þegar samræmdar og munu því ekki breytast. Að mati nefndarinnar mun sameining leiða til einfaldari og skilvirkari ákvarðanatöku, auk þess sem auðveldara væri að tryggja jafnræði milli nemenda og tryggja að þeir fái sömu þjónustu.

Sveitarfélögin eiga í miklu samstarfi þegar kemur að félagsþjónustu. Ef til sameiningar kemur þarf að samræma regluverk og gjaldskrár. Sameining hefði að öllum líkindum í för með sér jöfnun á þjónustustigi auk þess sem auðveldara gæti reynst að uppfylla ný lög um samþættingu þjónustu. Bæði sveitarfélög stefna að bættri þjónustu við eldri borgara en tækifæri eru til að samnýta mótuneyti skólanna og bjóða eldri borgurum heitan mat og jafnvel heimsendingu. Utanaðkomandi áskoranir felast í auknum faglegum kröfum hins opinbera og mönnun starfa til að sinna þjónustunni. Áskoranir felast einnig í að veita íbúum í þéttbýli og dreifbýli sambærilega þjónustu, m.a. vegna fjarlægðar.

STJÓRNSÝSLA

Sveitarfélögin eiga í umfangsmiklu samstarfi í stjórnsýslu og um ýmsa þjónustubætti, bæði sín á milli og við önnur sveitarfélög. Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að finna leiðir til að tryggja meiri þátttöku íbúa sameinaðs sveitarfélags við ákvarðanatöku en á sama tíma að stuðla að skilvirkni og fagmennsku með hagsmuni íbúa og atvinnulífs í Skagafirði að leiðarljósi. Að mati samstarfsnefndar kemur til greina að blanda saman beinum þátttökuleiðum og svæðisbundnum ráðum til að ná því markmiði.

	Sveitarfélagið		
	Skagafjörður	Akrahreppur	Sameinað
Fulltrúar í sveitarstjórn	9	5	9
Fastanefndir	9	9	9
Fjöldi starfsmanna	430	1	430

ÁHERSLUR GAGNVART RÍKI OG ÞINGI

Samstarfsnefnd hefur átt fundi með þingmönnum og ráðherrum þar sem eftirfarandi áherslum Skagfirðinga var komið á framfæri.

Kjálkabrú. Brú yfir Héraðsvötn við Flatatungu á Kjálka myndi tengja saman framhérað Skagafjarðar sem nýtist því og öllu samfélagi Skagafjarðar vel.

Atvinnuþróun. Skapa þarf skýran farveg fyrir þróun og uppbyggingu á sögu- og menningartengdri ferðaþjónustu í Skagafirði og koma auk þess upp aðstöðu til nýsköpunar og þróunar, byggja á sérstöðu Skagafjarðar með rannsókn- og frumkvöðlamiðstöð landbúnaðar í Skagafirði.

Menntasókn í Skagafirði. Tækifæri eru til að efla skólastarf í Skagafirði, annars vegar með stækkun Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og hins vegar með því að tryggja áframhaldandi vöxt Háskólans á Hólum.



SKAGAFIRÐINGAR

skagafirdingar.is

VEITARFÉLAG LITIÐ ÚT?



FJÁRMÁL

Fjárhagsleg viðmið

Sameinað sveitarfélag hefði ágætt svigrúm til fjárfestinga og stenst bæði jafnvægisreglu og skuldareglu. Framlög Jöfnunarsjóðs eru tæplega helmingur tekna Akrahrepps, sem gerir sveitarfélagið viðkvæmt fyrir breytingum á reglum sjóðsins.

Samstarfssamningur

Sveitarfélögin eiga í umfangsmiklu samstarfi þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður sinnir meginþorra þjónustu við íbúa Akrahrepps. Um 83% af útgjöldum Akrahrepps árið 2020 runnu til samstarfssamninga.

Rúmlega 700 milljónir úr Jöfnunarsjóði

Verði af sameiningunni er áætlað að sveitarfélögin fái um 728 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, miðað við ársreikninga 2020. Sveitarstjórnirnar hafa samþykkt viljayfirlýsingu um að sú fjárhæð verði nýtt til fjárfestinga í skólamannvirkjum í Varmahlíð. Það mun skapa svigrúm til fjárfestinga í öðrum þéttbýliskjörnum og dreifbýli í Skagafirði.

	Sveitarfélagið		
	Skagafjörður	Akrahreppur	Samtals
Skuldajöfnunarframlag	400	0	400
Fast framlag	100	100	200
Byggðaframlag	122	6	128
Samtals	622	106	728

Sameiningarframlög flýta fyrir framkvæmdum í Varmahlíð

Framundan eru miklar fjárfestingar við endurnýjun og uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð, viðhald á íþróttamiðstöðinni í Varmahlíð og Menningarhús á Sauðárkróki. Eignirnar eru í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna. Auk þess eru fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun verknámshúss FNV og fjölgun hjúkrunarrýma við HSN á Sauðárkróki. Heildarkostnaður er áætlaður tæplega 2.000 m.kr.

- Hlutdeild Akrahrepps er 326 m. kr.
- Hlutdeild Sveitarfélagsins Skagafjarðar er 1.655 m. kr.

Þessar áætlanir taka mið af því að sameiningarframlög skili sér til sveitarfélaganna. Ef ekki verður af sameiningu munu framkvæmdirnar dreifast á lengri tíma.

FRÍSTUNDA- OG MENNINGARMÁL


Sveitarfélögin eiga í miklu samstarfi í frístunda- og menningarstarfi og ekki er von á miklum breytingum verði af sameiningu þeirra. Að uppfylla ný lög um samþættingu þjónustu verður áskorun fyrir bæði sveitarfélögin hvort sem af sameiningunni verður eða ekki.

Tækifæri liggja m.a. í uppbyggingu og nýtingu safna í Skagafirði. Auk þess fengi öll atvinnu- og félagsstarfsemi innan Skagafjarðar sama aðgang að verkefnisstjórum í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum sameinaðs sveitarfélags.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL

Akrahreppur kaupir þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa af Sveitarfélaginu Skagafirði. Sameining sveitarfélaganna myndi leiða af sér hagræði þegar kemur að vinnslu og skráningu mála í eitt og sama kerfið, auðvelda skipulags- og byggingarmál og bæta aðgengi íbúa að gögnum.

Sameiginlegur verktaki sinnir sorphirðu og losun rotþróa í sveitarfélögunum. Niðurstaða úr sameiginlegu útboði sormála mun hafa í för með sér breytingar hvort sem til sameiningar kemur eða ekki. Í kjölfar útboðsins verða gjaldskrár endurskoðaðar og samræmdar innan svæðisins og gjaldskrá verður tekin upp í Akrahreppi. Innheimta hefst árið 2022, enda er skylt lögum samkvæmt að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við kostnað.



Lagt er upp með níu manna sveitarstjórn og skilvirku nefndastarf, með áherslu á aðkomu íbúa að ákvörðunum með hverfisráðum og/eða beinu lýðræði. Byggðarráð fari með hlutverk framkvæmda- og fjármálastjórnar og nefndir verði tiltölulega margar með það að markmiði að stuðla að þátttöku íbúa í ákvarðanatöku.

Kynningarfundir:

- **Miðgarður** 7. febrúar kl. 17 til 18:30
- **Héðinsminni** 7. febrúar kl. 20:00-22:00
- **Hofsós félagsheimilinu Höfðaborg** 8. febrúar kl. 17 til 18:30
- **Sauðárkrókur KK restaurant** 8. febrúar kl. 20:30-22:00

Vegna 50 manna samkomutakmarkana er nauðsynlegt að skrá þátttöku á fundina á vefsíðunni skagfirdingar.is. Fundunum verður einnig streymt á fésbókarsíðum sveitarfélaganna. Íbúar eru hvattir til þess að fylgjast með, taka þátt í umræðunni og kynna sér álit samstarfsnefndar og kynningarefni á vefsíðunni skagfirdingar.is

Kosningarétt eiga allir íbúar sveitarfélaganna sem eru með íslenskt ríkisfang og hafa náð 18 ára aldri á kjördag, ríkisborgarar Norðurlandanna sem hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfleytt og aðrir erlendir ríkisborgarar eftir fimm ára samfellda búsetu.

UTANKJÖRFUNDARATKVÆÐAGREIÐSLA

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin og hægt er að kjósa hjá sýslumönnum um land allt og í sendiráðum erlendis. Í sameiningarkosningum eiga námsmenn sem búsettir eru á Norðurlöndunum rétt á að vera teknir á kjörskrá en sækja þarf sérstaklega um það hjá Þjóðskrá Íslands.

Hægt er að kjósa utan kjörfundar á skrifstofu Sýslumannsins á Norðurlandi vestra á Sauðárkróki á milli kl. 09:00 og 15:00 alla virka daga fram að kjördegi.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar veitir viðkomandi sýslumannsembætti eða sendiráð.